# Sjálfstæðisfélag Ísfirðinga. Áskoranir og tillögur til væntanlegs landsfundar Sjálfstæðisflokksins 1940

Bjarni Benediktsson – Sjálfstæðisfélag Ísfirðinga. Áskoranir og tillögur til væntanlegs landsfundar Sjálfstæðisflokksins 1940

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SJÁLFSTÆÐISFÉLAG ÍSFIRÐINGA

Í s a f i r ð i

Ísafirði 9. febr. 1940

Hr. prófessor Bjarni Benediktsson

Laugaveg 66

R e y k j a v í k

Stjórn Sjálfstæðisfélags Ísfirðinga leyfir sér að tilkynna yður að á aðalfundi félagsins 4. febr. s.l. voru bornar upp og samþykktar nokkrar tillögur og áskoranir til væntanlegs landsfundar Sjálfstæðisflokksins, er halda á í Reykjavík 15. febr. n.k. og sendir yður hérmeð afrit af þeim.

Virðingarfyllst

Hannes Halldórsson

Óskar Borg
ritari.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Á S K O R A N I R

er aðalfundur Sjálfstæðisfélags Ísfirðinga 4. febr. 1940 samþykkti að senda landsfundi Sjálfstæðisflokksons, er halda á í Reykjavík í febrúar 1940.

A. Að tilhlutun fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna á Vestfjörðum voru þessar tillögur bornar fram og samþykktar:

1. a. Þó að fundurinn álíti þjóðstjórn að mörgu leyti ákjósanlega á þessum tímum, þá telur hann Sjálfstæðisflokkinn verða að gera þá skilyrðislausu kröfu að tryggt verði jafnrétti ríkisborgaranna bæði af hálfu löggjafa og framkvæmdarvalds og að flokkurinn geti ekki í framtíðinni tekið ábyrgð á stjórnarstefnu, sem fari í bága við hana.

b. Fundurinn telur að ekki hafi verið tekið nægilega föstum tökum af hálfu Sjálfstæðisflokksins við afgreiðslu fjárlaga á síðasta Alþingi og skorar alvarlega á landsfundinn að ganga ríkt eftir því að frumvarp til næstu fjárlaga verði vel undirbúið af fjármálaráðherra og að það verði samkvæmt yfirlýstri stefnu flokksins.

Í viðbót var þessi tillaga samþykkt:

Fundurinn lítur svo á að núverandi stjórnarsamvinna geti því aðeins haldist af hálfu Sjálfstæðisflokksins <u>að</u> engin sérréttindi eða ívilnanir verði veittar félagssamtökum eða einstaklingum af persónulegum eða pólitískum ástæðum, þar sem slíkar ívilnanir eða sérréttindi hljóta óhjákvæmilega að leiða til kúgunar fyrir aðra og er því gersamlega andstætt frelsi og lýðræði, sem Sjálfstæðisflokkurinn vill efla og berjast fyrir.

2. Fundurinn telur að miðstjórn flokksins hafi undanfarið tæplega verið nægilega athafnasöm í eflingu innanflokksstarfsemi og sé flokkurinn því vanbúinn, ef til kosninga kemur bráðlega og skorar því á hana að hefjast þegar handa svo að flokkurinn verði vígbúinn þegar á þarf að halda.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B. Á fundinum var einnig þessi tillaga borin fram og samþykkt:

Fundur í Sjálfstæðisfélagi Ísfirðinga beinir þeirri eindregnu áskorun til fjármálaráðherra, að gætt sé þess að kostnaður af mannahaldi við ríkiseinkasölur verði færður niður svo sem hæfilegt má telja, ennfremur sé þegar að því unnið að innheimta útistandandi skuldir einkasalanna. Jafnframt sé unnið að því að leggja niður einkasölur xxxxxxx ríkisins aðrar en áfengiseinkasöluna.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur